

Aðalfundur Félags íslenskra Náttúrufræðinga
Fimmtudaginn 30. apríl 2020, kl. 14:30, fjarfundur

Fundarstjóri: Runólfur Vigfússon

Fundarritari: Raket Júlía Sigursteinsdóttir

Dagskrá:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
7. Kosning siðanefndar.
8. Önnur mál.

Fundargögn sem send voru til fundargesta fyrir fund:

- Fundarboð á fundinn í fréttarbréfi
- Ársreikningur FÍN 2019
- Ársreikningur Kjaradeilusjóðs FÍN
- Skýrsla stjórnar FÍN

Fundarsetning:

Marianna H. Helgadóttir, formaður FÍN, setti fund og lagði fram tillögur um fundarstjóra og ritara fundarins. Runólfur Vigfússon, lögfræðingur félagsins, var samþykktur sem fundarstjóri og Raket Júlía Sigursteinsdóttir, ritari stjórnar FÍN, samþykkt sem fundarritari.

Tæknileg atriði fundarins

Runólfur fer í gegnum tæknileg atriði fundarins, fundargestir hvattir til að hafa slökkt á hljóðnema og myndavél til að minnka álag á streymi fundarins. Farið yfir hvernig fundinum verður háttað sem er nú með sérstökum hætti eða með fjarfundarbúnaði sem og hvernig kosningu verður háttað.

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar

Marianna, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar.

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 28. mars 2019 og frá þeim fundi telst upphafspunktur síðasta starfsárs.

Skipun í embætti

Á aðalfundi félagsins voru tíu aðilar í kjöri til stjórnar en tíu sátu frá fyrra ári. Eftirfarandi aðilar skipa því stjórn félagsins:

Ásdís Benediktsdóttir, Bergrún Arna Óladóttir, Björg Helgadóttir (fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn), Einar Hjörleifsson, Friðþjófur Árnason, Guðrún Nína Petersen, Hafdís Sturlaugsdóttir, Stefán Már Stefánsson, Katrín Guðjónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir (formaður), Pétur Halldórsson, Raket Júlía Sigursteinsdóttir, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Sverrir Daníel Halldórsson, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir og Þorkell Heiðarsson (varaformaður).

Á fyrsta stjórnarfundum þann 05. apríl 2019 skipaði stjórn í embætti lögum samkvæmt. Í framkvæmdastjórn sitja aðilar sem starfa hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og á almennum markaði og því er framkvæmdastjórn skipuð fulltrúum frá öllum vinnumörkuðum. Í framkvæmdastjórn sitja:

Marianna H. Helgadóttir (formaður), Þorkell Heiðarson (varaformaður), Rákel Júlía Sigursteinsdóttir (ritari), Guðrún Nína Petersen (gjaldkeri) og Haraldur Rafn Ingvason (meðstjórnandi).

Stjórn ákvað að reglulegir fundartímar stjórnar yrðu fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Gengið var frá erindisbréfi til stjórnarmanna. Stjórn hélt 13 reglulega stjórnarfundum og að auki 6 aukafundi. Samantekt úr fundargerð hvers stjórnarfundar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Framkvæmdastjórn hélt 11 fundum.

Kjaradeilusjóður

Í stjórn Kjaradeilusjóðs sitja Ólafur Eggertsson, Stefanía P. Bjarnason og Bergljót Einarsdóttir, formaður FÍN og gjaldkeri FÍN. Ólafur Eggertsson er formaður sjóðsins. Varamenn eru varaformaður FÍN og ritari FÍN. Stjórn Kjaradeilusjóðs hittist tvisvar sinnum. Meginviðfangsefni hans er ávöxtun fjármuna sjóðsins.

Vísindasjóður

Stjórn Vísindasjóðs hittist tvisvar fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Meginviðfangsefni stjórnar er að ákveða úthlutanir og hafa yfirumsjón með úthlutunum úr sjóðnum.

Siðanefnd

Í siðanefnd sitja Emelía Eiríksdóttir, Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Hafdís Eygló Jónsdóttir, Jónas Jónasson, Marta Guðjónsdóttir. Varamenn eru Jóna Freysdóttir og Ægir Þór Þórsson. Siðanefnd hittist einu sinni á fundum í desember. Engu erindi var vísað til siðanefndar.

Starfsdagur trúnaðarmanna og vinnustaðafundir

Haldinn var starfsdagur trúnaðarmanna í apríl sl., en engir eiginlegir vinnustaðafundir voru haldnir. Þó voru haldnir nokkrir fundir með félagsmönnum, s.s. meðal félagsmanna hjá Reykjavíkurborg, sameiginlegur fundur var haldinn með félagsmönnum aðildarféлага BHM sem voru í samfloti með kjarasamninga við ríkið, fundur með félagsmönnum á Lyfjastofnun vegna endurskoðunar á stofnanasamningi og fundur með félagsmönnum FÍN hjá Nýsköpunarmiðstöð vegna fyrirhugaðrar niðurlagningar á þeirri stofnun.

FÍNN - Vísindaferðir


Félagið stóð fyrir tveimur vísindaferðum þar sem háskólanemum var boðið í hús og þeim kynnt félagið og fyrir hvað það stendur fyrir.

Nýir félagsmenn og fjöldi félagsmanna FÍN á vinnumarkaði

Á síðasta aðalfundi voru 1967 virkir félagsmenn. Á tímabilinu mars 2019 til og með apríl 2020 bárust 193 umsóknir um fulla aðild að félaginu, 11 sóttu um aukaaðild, einn félagsmaður fékk undanþágu frá 3. gr., einn sótti um gestaaðild, en dró umsóknina til baka. Engri umsókn var hafnað og 8 sögðu sig úr félaginu. Greiðandi félagsmenn í mars mánuði 2020 voru 2067.

Af þessum 2067 aðilum sem greiða iðgjöld til félagsins þá eru opinberir starfsmenn 1.035. Hjá ríkinu eru þeir 896, hjá Reykjavíkurborg eru þeir 68 og 71 hjá öðrum sveitarfélögum. Alls eru 92 sem taka laun skv. tengisamningum, þ.e. tengja sig við kjarasamninga FÍN og ríkisins. Á almennum markaði er alls 768 sem greiða iðgjöld til félagsins. Alls þiggja 74 atvinnuleysisbætur og 46 eru í fæðingarorlofi.


Sjá mynd 1.



Mynd 1. Staðsetning félagsmanna FÍN innan vinnumarkaðarsins í mars 2020.

Atvinnulausir félagsmenn og endurgreiðsla ævigjalds í OBHM

Fjöldi atvinnulausra félagsmanna í mars 2020 var 74 samanborið við 19 á sama tíma í fyrra. Þess má geta að atvinnulausir félagsmenn í febrúar 2020 voru 33. Því hefur fjöldi atvinnulausra aukist töluvert milli mánaða sem líklega má rekja til COVID-19 faraldursins. Sjá má á mynd 2 þróun atvinnulausra í félaginu frá febrúar 2019 til mars 2020.



Mynd 2. Fjöldi atvinnulausra í félaginu frá febrúar 2019 til mars 2020.

Alls fengu 3 félagsmenn styrki sem veittir voru atvinnulausum félagsmönnum á árinu 2019 sem er sami fjöldi og árið áður. Einn styrkur hefur þegar verið veittur á þessu ári. Greiddur var einn styrkur til

félagsmanns vegna endurgreiðslu ævigjalds í Orlofssjóð BHM á árinu 2019 sem er sami fjöldi og árið áður.

Skipun samninganefnda FÍN vegna kjarasamninga

Stjórn félagsins er eiginleg samninganefnd félagsins, en stjórnin skipti með sér verkum. Formaður félagsins, Maríanna H. Helgadóttir, var formaður allra samninganefnda, Guðrún Nína Petersen var valin varaformaður samninganefndar FÍN vegna kjarasamninga FÍN við ríki, Haraldur Rafn Ingvason var valinn varaformaður samninganefndar FÍN vegna kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga og Svava S. Steinarsdóttir var valin varaformaður samninganefndar FÍN vegna kjarasamninga við Reykjavíkurborg. Aðrir stjórnarmenn sem störfuðu hjá þessum vinnuveitendum voru aðalmenn og aðrir stjórnarmenn voru varamenn.

Kröfugerð FÍN

Haustið 2018 unnu félög innan BHM sameiginlega að kröfugerð sem kynnt var á kjararáðstefnu í janúar 2018 og kröfugerð FÍN var uppfærð með tilliti til þeirra krafna. Kröfugerð félagsins hafði verið kynnt á vinnustaðafundum. Fljótlega var farið að ræða málin um mögulegt samflot vegna kjarasamnings við ríkið og niðurstaðan var að FÍN fór með átta BHM félögum í samflot sem að lokum endaði með því að 11 félög BHM í samfloti undirrituðu kjarasamning við ríkið

Viðræðuáætlanir

Gengið var frá viðræðuáætlunum við ríki, sveitarfélögin og Reykjavíkurborg í febrúar 2019 og voru þær endurskoðaðar í júní 2019 og inn í þær voru settar eingreiðslur til félagsmanna. Viðræðum átti að vera lokið í 15. september 2019 hjá ríkinu og Reykjavíkurborg en í 15. nóvember 2019 hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Staða kjarasamninga

Ríki:

Alls hafa verið haldnir yfir fimmtíu fundir með ríkinu. Vegna styttingar vinnuvikunnar ákvað ríkið að Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg yrðu með í þeirri vinnu og mikill tími fór í að ganga frá styttingu vinnutíma fyrir dagvinnufólk og enn meiri tími fór í að útfæra kerfisbreytingu meðal vaktavinnufólks. Áslaug Valsdóttir, formaður Ljósmaðrafélags Íslands, var skipuð sem fulltrúi BHM í starfshóp vegna styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki. Stjórn FÍN var ekki tilbúin í styttingu vinnuvikunnar gegn því að selja eitthvað á móti. Afstaða stjórnar FÍN frá upphafi var að ekki var vilji til að breyta ákvæðinu um 25% lengingu orlofs sem tekið er að vetrartíma, þ.e. að framvegis yrði sú lenging háð skriflegri heimild yfirmanns og samkvæmt lögum áttu allir rétt á 30 dagana orlofi þar sem óheimilt var að mismuna fólki á grundvelli aldurs. Hvorki var vilji til að hafa tvískipta yfirvinnu né setja inn skylduákvæði að LSR. Það má segja að öll félögin sem áttu í sameiginlegum samningaviðræðum voru í varnarbaráttu en ekki í eiginlegum samningaviðræðum. Þegar mynd var komin á nýtt vaktavinnukerfi kom í ljós að breytingarnar komu illa út fyrir félagsmenn FÍN á Veðurstofunni og þá sem voru með mikla yfirvinnu, þar sem gert var ráð fyrir lækkun á yfirvinnuprósentu og niðurfellingu kaffitíma sem greiddir voru í yfirvinnu vegna hveftrar vaktar. Einnig myndu vaktavinnustarfsmenn á Veðurstofunni ekki ná vaktahvatanum nema að eitthvað breytist. Þess má þó geta að stytting vinnuvikunnar er þegar til staðar að einhverju leyti hjá vaktavinnustarfsmönnum Veðurstofunnar, þar sem um það var samið í stofnanasamningi.

Þann 25. mars 2020 lagði ríkið enn og aftur sama tilboðið fyrir aðildarfélögin 11 sem þá voru í sameiginlegum viðræðum og kvað þetta vera lokatilboð. Stjórn FÍN samþykkti að setja kjarasamning FÍN og ríkisins í atkvæðagreiðslu. Ástæða þess að félagið skrifaði upp á samninginn var ekki vegna þess

að samningurinn væri góður, heldur var félagið í nauðvörn. Félagið taldi sér ekki fært annað en að láta félagsmenn taka afstöðu til samningsins. Annað hvort myndu þeir samþykkja samninginn eða fella hann. Væri samningurinn felldur taldi félagið það hafa fengið endurnýjað umboð til að freista þess að ná betri samningi en þá lá fyrir. Stjórn FÍN taldi að með þessum samningi væri verið að fórna mikilvægum réttindum sem hafa áunnist á áratugum og gæti því ekki mælt með samningnum. Í kjölfarið var kjarasamningur FÍN og ríkisins undirritaður af samninganefnd FÍN þann 2. Apríl sl. og hann síðan kynntur félagsmönnum á 6 kynningarfundum og samningurinn lagður í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Samningur FÍN og ríkisins va síðan felldur í atkvæðagreiðslu, en 51,2% sögðu nei og 48,80% samþykktu samninginn. Auðir seðlar voru 21.

Ríkið hefur sent félaginu bréf þar sem það véfengir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar og telur að samningurinn hafi verið samþykktur. Ríkið telur að auðir seðlar, sem voru 21, hafi áhrif á niðurstöðuna með þeim hætti að til að geta fellt samning þá þurfi meira en helming allra sem greiða atkvæði um samninginn að hafna honum. Sé tekið tillit til auðra seðla þá voru 49,29% félagsmanna sem höfnuðu samningnum. Því telur samninganefnd ríkisins (SNR) að kjarasamningurinn hafi verið samþykktur þar sem ekki hafi verið meirihluti þeirra sem kusu hafnað samningnum.

Stjórn FÍN hefur ákveðið að grípa til varnar í þessu máli. Aldrei hefur verið flutt mál í Félagsdómi varðandi kosningu um kjarasamning. SNR vísar til 32 ára gamals dóms er varðaði gildi atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna til túlkunar á ákvæði annarra laga, þ.e. laga um stéttarfélög og vinnudeildur sem eiga almennt ekki við um kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði. Tilvísuð ákvæði tóku gildi fyrir 24 árum eða 8 árum eftir uppkvaðningu dómsins.

Reykjavíkurborg:

Hjá Reykjavíkurborg var gert bráðabirgðamat á störfum vegna bókunar um möguleika fyrir félagsmenn FÍN að fara inn í starfsmat hjá Reykjavíkurborg. Niðurstaðan þess bráðabirgðamats var ekki hagstæð og var haldinn félagsfundur með félagsmönnum hjá Reykjavíkurborg þann 12. september sl. og niðurstöður kynntar og staða viðræðna. FÍN hefur verið boðið að taka þátt í sameiginlegum fundum við Reykjavíkurborg með nokkrum öðrum félögum innan BHM og hefur stjórn FÍN samþykkt það. Samningaviðræður við Reykjavíkurborg þokast lítið áfram, þeir fáu fundir sem hafa verið haldnir hafa verið fjarfundir.

Samband íslenskra sveitafélaga

Hjá sveitarfélögunum var unnið að frágangi vegna innleiðingar starfsmats en lengi hefur verið beðið eftir gögnum frá sveitarfélögunum. Þrátt fyrir að sveitarfélögunum bæri að afhenda gögn hefur þriðjungur gagna ekki skilað sér. Viðræður standa nú yfir við sambandið um kjarasamning. Starfsmatið er ekki að fanga störf náttúrufræðinga og af þeim 14 störfum sem eru undir starfsmanni þá hækkuðu 5 störf þann 1. júní 2018, eitt starf hækkaði þann 1. janúar 2019 og 8 störf lækkuðu í starfsmati og halda þeir því sinni bráðabirgðaröðun út samningstímabilið. Það voru því 57,1% starfa sem lækka við innleiðingu starfsmats sem félagið telur óásættanlegt.

Ákveðið hefur verið að plástra starfsmatskerfið eins og gert var hjá Reykjavíkurborg, þ.e. að meta ábyrgð á stjórnun og ábyrgð á fjármunum sérstaklega, en ekki er að sjá að slíkt muni hafa áhrif til hækkunar okkar félagsmenn. Eitt starf hefur farið í endurmat að frumkvæði starfsmanns.

Viðræður hófust aftur eftir páska en hafa gengið hægt.

Stofnanasamningar

Félagið ber að endurskoða reglulega um það bil 70 stofnanasamninga. Gengið hefur verið frá endurskoðun á 27 stofnanasamningum sem gilda frá og með 1. júní 2016 og tvær stofnanir hafa gengið frá viðauka við eldri stofnanasamning. Alls var gengið frá 4 stofnanasamningum á starfsárinu og eru 12

stofnanasamningar í vinnslu. Markmið félagsins hefur verið að menntunarákvæði gerðardóms verði komið inn í alla stofnanasamninga fyrir 1. júní 2020 og tryggja að þeir félagsmenn sem hafa viðbótarmenntun umfram BS/BA sem nýtist í starfi fái eða hafi fengið leiðrétt laun afturvirktil til 1. júní 2016. Það er ljóst að það markmið næst ekki.

Verkfallslistar

Félagið hefur haft upp varnir gagnvart ríki og sveitarfélögum vegna auglýsinga um störf sem eru undanþegin verkföllum. Á síðasta ári féllst Félagsdómur á að 11 störf af 15 störfum hjá ríkinu sem FÍN andmælti skyldu felld út af lista um störf undanþegin verkföllum. Félagið hefur andmælt störfum hjá ríkinu og sveitarfélögum en stjórn FÍN hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort félagið muni stefna ríkinu eða sveitarfélögum þar sem vinna er enn í gangi hjá skrifstofunni vegna auglýsingar sem birt var 1. febrúar sl. Þegar ljóst er hver afstaða ríkisins og sveitarfélaga verða við andmælum félagsins getur stjórn tekið afstöðu til þess hvort ríkinu og/eða sveitarfélögum verði stefnt fyrir Félagsdóm.

Launakannanir

Kjara og réttindanefnd BHM hefur ákveðið að senda út könnun til að fá heildstætt yfirlit yfir laun félagsmanna hjá Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og á almennum markaði. Stjórn FÍN hefur ákveðið að senda megi könnunina á félagsmenn FÍN og hvetur þá til að taka þátt í könnuninni.

Dómsmál og áskoranir

FÍN stefndi ríkinu vegna menntunarákvæða gerðardóms. FÍN stefndi Umhverfisstofnun (einn félagsmaður) og Hafrannsóknastofnun (tveir félagsmenn) og niðurstaða Félagsdóms lá fyrir 20. nóvember sl. FÍN vann málið gagnvart Umhverfisstofnun að öllu leyti en ekki gegn Hafrannsóknastofnun, en í þeim dómum má þó lesa út afstöðu félagsdóms til menntunarákvæða gerðardóms og kjarasamnings hvað varðar mat á masters- og doktorsgráðum.

Varðandi menntunarákvæði gerðardóms þá liggur fyrir að 1. júní 2020 eru fjögur ár liðin frá því að menntunarákvæðin áttu að koma til framkvæmda. Félagið sendi áskorun í desember sl. á 30 stofnanir og fyrirtækja sem eru með tengisamninga við kjarasamninga ríkisins. Skorað var á þessar stofnanir að upplýsa félagið um hvernig leiðréttingar voru framkvæmdar vegna menntunarákvæða gerðardóms afturvirktil til 1. júní 2016. Alls hafa 14 stofnanir svarað félaginu en aðeins þrjár stofnanir hafa svarað félaginu með fullnægjandi hætti. Ítrekun fór á 18 stofnanir og fyrirtæki í mars sl. Stjórn FÍN samþykkti einnig að fara í dómsmál ef þess þyrfti fyrir hönd sinna félagsmanna og voru málin af eftirfarandi toga:

- Vegna félagsmanns sem fékk ekki að koma til baka eftir veikindi. Sátt náðist í því máli áður en það fór fyrir dómstóla.
- Vegna vangoldinna launa til félagsmanns sem ekki hafði fengið greidd laun. Sátt náðist í því máli áður en það fór fyrir dómstóla.
- Vegna menntunarákvæða gerðardóms. FÍN stefndi Hafrannsóknastofnun aftur vegna menntunar eins félagsmanns og ekki liggur niðurstaða fyrir Félagsdómi í því máli.

Stjórn FÍN hafnaði einni beiðni um að taka þátt í að greiða lögmanskostnað vegna uppsagnar félagsmanns, en viðkomandi hafði leitaði beint til eigin lögmans.

Náttúrufræðingar á Norðurlöndunum

FÍN er í góðu samstarfi við systursamtök okkar á Norðurlöndunum og árið 2018 var ákveðið að gera skýrslu um hreyfanleika náttúrufræðinga á Norðurlöndunum og tók FÍN virkan þátt í þeirri vinnu. Skýrslan „Nordic Work Mobility and Labour Market – for Professional Scientists“ var formlega gefin út

í júlí 2019 og var útgáfan studd af hálfu Norðurlandaráðs. Formaður skrifaði grein í fjölmiðil og vakti athygli á þessari skýrslu. Samhliða því var skýrslan send öllum alþingismönnum og einnig kynnt innan BHM.

Á fundi NLR (Nordiska lantbruksakademikerrádet) sem haldinn í Svíþjóð í lok júní var gengið var frá nýjum samningi um gestaaðild sem náði til sjö stéttarféлага. Tvö félög í Finnlandi, tvö í Danmörku, eitt í Svíþjóð, eitt í Noregi og eitt á Íslandi.

Á síðasta fundi NLR var rætt um að breyta skipulagsskránni á næsta fundi NLR sem miðar að því að heimila fleiri félögum þátttöku í NLR, með leyfi allra þeirra sem sitja innan NLR.

Næsti fundur NLR á að vera í júní á Íslandi, en óvíst er hvort fundi verði frestað til haustsins eða honum frestað um ár.

Aðalfundur BHM

Félagið átti 21 aðalfundarfulltrúa á aðalfundi BHM í fyrra og á einnig 21 aðalfundarfulltrúa í ár. Aðalfundur BHM var haldinn þann 23. maí 2019 og framhaldsaðalfundur BHM þann 20. júní 2019. Töluverðar breytingar voru gerðar á lögum bandalagsins og þess má geta að rafrænar kosningar voru um varaformann BHM í ár og á næsta ári verða rafrænar kosningar um formann BHM. Þórunn Sveinbjarnardóttir var endurkjörin formaður BHM á aðalfundi 2019.

Aðalfundur BHM mun fara fram í fjarfundi 27. maí nk. Rafræn kosning varaformanns BHM hefur farið fram og er nýr varaformaður Jóhann Gunnar Þórisson sem tekur við því embætti á komandi aðalfundi BHM.

Formannaráðsfundir

Formannaráðsfundur eru haldnir reglulega yfir starfsárið. Eftirfarandi atriði voru m.a. rædd á vegum formannaráðs:

- Fundarsköp formannaráðs, samþykkt.
- Launaþróunartrygging, til kynningar og umræðu.
- Grænbók um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðar, til kynningar og umræðu.
- Endurskoðað samkomulag um hlutverk og umgjörð þjóðhagsráðs, samþykkt að BHM tæki sæti í ráðinu.
- Starfshópur skilaði inn tillögu að nýju gjaldamódeli fyrir aðilarfélög BHM, til kynningar og umræðu.
- Unnið að breytingu á LÍN kerfinu og hafa þær tillögur litið dagsins ljós, til kynningar og umræðu.
- Ákveðið var að fara í vinnustaðagreiningu meðal starfsfólks sem starfar að Borgartúni 6, í vinnslu.

Stjórn FÍN tilnefnir í ýmis ráð og nefndir og á síðasta starfsári tilnefndi félagið eftirtalda aðila í nefndir og hópa á vegum BHM:

- Bakhópur um fæðingarorlof: Ásdís Benediksdóttir tilnefnd en baðst undan setu í þeirri nefnd vegna anna og í hennar stað kom Una Bjarnadóttir.
- Lagbreytinganefnd: Runólfur Vigfússon.
- Tilnefning í kjörstjórn: Runólfur Vigfússon.
- Nefnd félags- og barnamálaráðherra um að sporna gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði: Runólfur Vigfússon.
- Vinnuhópur vegna stefnumótunarþings BHM 2020: Maríanna H. Helgadóttir.
- Nefnd um sjálfstætt starfandi: Kári Gunnarsson var tilnefndur en hefur sagt

af sér og Pétur Halldórsson kemur í hans stað.

- Ferðakostnaðarnefnd ríkisins: Hafdís Sturlaugsdóttir.

Stjórn FÍN tilnefndi eftirfarandi aðila til framboðsnefndar BHM vegna komandi aðalfundar BHM:

- Kjara- og réttindanefnd BHM: Marianna H. Helgadóttir.
- Starfsmenntasjóður BHM: Guðrún Nína Petersen.

Húsnæðismál

Húsfélag BHM keypti 4 hæðina á síðasta ári og í kjölfarið ákvað félagið að kaupa eitt herbergi til viðbótar í Borgartúni 6. Enn á eftir að ganga formlega frá kaupum á því, en breytingar standa enn yfir í Borgartúni 6. Gert er ráð fyrir að skrifstofur FÍN flytji á þessu ári í suðausturhluta húsnæðisins. Framkvæmdirnar hafa dregist töluvert þar sem mygla fannst á 3. og 4. hæð húsnæðisins og unnið er að því að að koma í veg fyrir áframhaldandi leka sem og að skipta út klæðningu á veggjum og gólfi.

Endurskoðendur EY kynna niðurstöður ársreikninga og skráning raunverulegra eigenda

Endurskoðendur Ernst og Young (EY) hafa endurskoðað bókhald félagsins og stillt upp ársreikningi. Í ár var ársreikningurinn undirritaður rafrænt. Félagið hefur einnig tilkynnt um skráningu á raunverulegum eigendum FÍN, Kjaradeilusjóðs og Vísindasjóðs til Ríkisskattstjóra.

Styrkur til Kjaradeilusjóðs

Stjórn FÍN ákvað að styrkja Kjaradeilusjóð um 454.865 kr. en um var að ræða skuld Kjaradeilusjóðs við félagið skv. síðasta ársreikningi.

Viðbragðsáætlun BHM og FÍN vegna COVID-19

BHM hefur gert viðbragðsáætlun vegna COVID-19. FÍN hefur gert sambærilega viðbragðsáætlun. Búið er að gera áætlun hvernig starfsmenn koma í staðinn fyrir hvorn annan vegna veikinda. Þá er búið að stilla upp hvaða starfsmenn mæta á skrifstofuna og hvenær. Fundir munu fara fram með fjarfundarbúnaði og önnur mál afgreidd með símtali eða tölvupósti.

Stjórnarfundir verða haldnir eftir þörfum og þá með fjarfundarbúnaði, framkvæmdarstjórn mun halda fjarfundi. Öðrum nefndarfundum verður frestað.

Starfsmenn á skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði þrjú starfsmenn í fullu starfi:

Marianna H. Helgadóttir, formaður félagsins.

Runólfur Vigfússon sem var í stöðu verkefnastjóra var í desember sl. ráðinn sem lögfræðingur.

Berglind Sigurðardóttir sem var ráðin í fullt starf sem sumarstarfsmaður síðastliðið sumar var fastráðin sem sérfræðingur í júlí, en hún hefur verið í veikindaleyfi frá því í byrjun ágúst á síðasta ári. Við vonum að Berglind geti komið fljótlega til starfa á ný.

Ásdís Gíslason var ráðin í desember sl. tímabundið til júní 2020 í fullt starf, en hún óskaði eftir launalausni leyfi í mars sl. til að starfa hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í tímabundnu verkefni vegna COVID-19 og var það leyfi veitt.

Álag á skrifstofu félagsins hefur því verið mikið á formanni og lögfræðingi félagsins.

Breyting á opnunartíma skrifstofu

Félagið hafði keypt þjónustu frá símsvörunarfyrirtæki og tók það fyrirtæki skilaboð til starfsmanna félagsins. Ákveðið var að segja upp þessari þjónustu og féll hún niður þann 1. október sl. Í kjölfarið var ákveðið að breyta opnunartíma skrifstofunnar með þeim hætti að skrifstofan væri opin fyrir innlit kl.

15- 16 mánudaga til fimmtudaga. Símatími væri á sama tíma. Öllum tölvupóstum yrði svarað innan tveggja virkra daga. Skipulögð viðtöl við félagsmenn verða þó hvenær sem er innan dagsins. Þannig geta félagsmenn gengið að þjónustunni þegar hún er í boði og hægt er að veita hana í stað þess sem að starfsmenn hafa oft ekki verið við eða getað tekið síma vegna annarra starfa s.s. í viðtölum við félagsmenn eða á fundi. Tók þessi breyting gildi í lok október sl. Um er að ræða tilraunverkefni og metið verður hvort þetta hafi tekist vel og hvort ástæða sé til að framlengja verkefnið eða breyta því eitthvað.

Vefsíða FÍN

Félagið hefur verið að þýða vefsíðu félagsins yfir á ensku, vonandi verður ekki langt að bíða þar til hægt er að birta þann hluta vefsíðunnar.

Persónuverndarstefna

BHM og FÍN er með sama persónuverndarfulltrúa og unnið er að gerð vinnsluskráa og skráningu verkferla í samráði við hann.

Framboð á aðalfundi FÍN

Samkvæmt lögum félagsins þurfa félagsmenn að bjóða sig fram fyrir 1. febrúar ár hvert. Reynslan hefur verið sú að fleiri sæti eru en félagsmenn sem eftir sætum sækjast, svo stjórn hefur þurft að finna einstaklinga í laus embætti. Þetta er ekki óskastaða en stjórn FÍN reynir að gæta að því að stjórnarmenn komi af öllum vinnumarkaðinum.

Aðalfundur FÍN

Félagið verður 65 ára á árinu og var fyrirhugað að gera aðeins betur í veitingum á aðalfundi félagsins í ár og gera okkur glaðan dag. Það verður þó að bíða betri tíma. Vegna COVID-19 faraldursins varð stjórn FÍN að fresta aðalfundi félagsins sem áætlaður var 26. mars sl. og að lokum breyta aðalfundinum í fjarfund þann 30. apríl. Stjórn FÍN taldi mikilvægt að halda fundinn því óvissa er töluverð hvenær verður hægt að halda fundi vegna takmarkana á fjölda og kröfum um fjarlægð á milli aðila vegna COVID-19.

Þakkir

Formaður FÍN óskaði ráfarandi stjórnarmönnum farsældar í framtíðinni og bauð samhliða því nýja stjórnarmenn velkomna í stjórn félagsins. Starfsfólki skrifstofu var einnig þakkað fyrir þeirra framlag til félagsins, en starf þeirra er ómetanlegt fyrir félagsmenn félagsins.

Opnað var fyrir mælendaskrá.

Fyrirspurnir til formanns eftir flutning skýrslu stjórnar:

Hvað er átt við með virka félagsmenn? Virkir félagsmenn eru þeir sem greiða félagsgjöldin.

Ohf vinnustaðir, hvaða markaði tilheyra þeir? Þeir tilheyra almenna markaðnum, td. er Matís Ohf. með aðild að SA.

Starfsmenn Blóðbankans hafa verið að skoða reiknivél á betrivinnutimi.is og koma verr út með nýjum samningi. Svarað var því að galli væri í vélinni og því verða útreikningar þar ekki réttir. Vaktahvatinn útskýrður í kjölfarið, starfsmenn þurfa að uppfylla ákveðinn fjölda vakta og vera með þrjár vaktatýpur til þess að fá hámarks vaktahvata.

Tvískipt yfirvinna, hvernig virkar hún? Ef tekið er tillit til styttingu vinnuvikunnar, þá eru fyrstu 16 yfirvinnutímarnir á fjórum vikum í hverjum mánuði hjá 100% starfsmanni á yfirvinnu 1. Yfirvinna 2 er eingöngu greidd eftir 40 stunda vinnuviku..

Bréf Hafró ekki í skýrslu stjórnar? Formaður svaraði því til að bréf hefði komið frá stjórn Hafrannsóknastofnunar til stjórnar félagsins og frá þremur félagsmönnum Hafró. Bréfin eru til

meðhöndlunar hjá stjórn. Stjórnarmenn voru beðnir að bæta við svar formanns ef þeir vildu. Hve margir félagsmenn eru erlendir? Ekki vitað um hve margir eru erlendir. Ómögulegt er að sjá það þar sem margir íslenskir ríkisborgarar bera erlent nafn og eru því Íslendingar. Í könnun sem gerð var í lok síðasta árs var spurt um móðurmál okkar félagsmanna og þannig náðum við að sjá hverjir eru ekki með móðurmálið íslenska og var það afar fjölbreytt svar. Hefur FÍN eitthvað komið að jafnlaunavottun? FÍN hefur ekki verið um að kanna eða kynna sér jafnlaunavottun á vinnustöðum. Sum fyrirtæki eins og Háskóli Íslands og Landspítalinn hafa boðið okkur á slíkan fund til að fylgjast með ferlinu. Sé eftir því óskað að félagið komi að slíkri vinnu þá höfum við orðið við því. Spurt var út í svar félagsins til ráðuneytis vegna niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar? Formaður upplýsti að það yrði tekið fyrir sérstaklega undir önnur mál.

Mælendaskrá var lokað.

2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun stjórnar félagsins
Guðrún Nína, gjaldkeri FÍN, lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og sjóða þess. Reikningar félagsins eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins, <https://www.fin.is/um-felagid/utgafur/> og undir Aðalfundur FÍN.

Opnað var fyrir mælendaskrá.

Fyrirspurnir um ársreikninga félagsins:

Spurt var um liðinn önnur laun. Það er bókhaldsfærsla sem gjaldfærð var 2018 en leyfar sem færðust yfir á 2019, frádráttur. Er í raun leiðrétting endurskoðandans á launun og launatengdum gjöldum fráfarandi framkvæmdarstjóra FÍN. Launatölur sem þarna eru sýndar fyrir árin 2019 og 2018 eru ekki samanburðarhæfar, þær eru alveg ótengdar.

Spurt var um launagreiðslur til BHM ? Félagið greiðir iðgjald til BHM og eru þær undir sérstökum lið í rekstrargjöldum, „Greiðslur til BHM“.

Mælendaskrá var lokað.

Afgreiðsla:

Ársreikningur félagssjóðs samþykktur.

Guðrún Nína, gjaldkeri FÍN, lagði fram endurskoðaðan ársreikning Kjaradeilusjóðs félagsins.

Opnað var fyrir mælendaskrá.

Fyrirspurnir um ársreikninga kjaradeilusjóðs:

Engar fyrirspurnir bárust.

Mælendaskrá var lokað.

Afgreiðsla:

Reikningur Kjaradeilusjóðs samþykktur.

3. Tillögur um lagabreytingar

Ein breytingartillaga á reglum kjaradeilusjóðs barst frá stjórn FÍN. Ólafur Eggertsson, formaður stjórnar Kjaradeilusjóðs kynnti.

Tillaga er um breytingu á 9. tl. í reglum Kjaradeilusjóðs FÍN:

Greinin hljóðar svo:

Stjórn Kjaradeilusjóðs er heimilt að undangengnum tilmælum stjórnar FÍN að styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í kjaradeilum. Leita skal samþykkis félagsfundar í hverju tilfelli.

Tillaga að breytingu:

Stjórn Kjaradeilusjóðs er heimilt í samráði við stjórn FÍN að styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í kjaradeilum. Upplýsa skal félagsmenn um slíka styrki með t.d. tilkynningu á vefsíðu félagsins.

Opnað var fyrir mælendaskrá.

Fyrirspurn og umræða um breytinguna.

Breytingin felur í sér ákveðið hagræði og hvetur til samtals milli stjórnar og Kjaradeilusjóðs sem báðir aðilar geta átt frumkvæði að. Þessi breyting flýtir fyrir afgreiðslu og stjórn félagsins og stjórn Kjaradeilusjóðs á að vera treystandi til að afgreiða þessa styrki ef og þegar beiðni um þá berast. Mjög lítið hefur reynt á sjóðinn og styrkveitingar undanfarin ár. Sjóðurinn sjálfur hefur ekki fengið styrk frá öðrum. Sameignleg verkföll voru árið 2015 hjá aðildafélögum BHM og kom þá til þess að veita úr sjóðnum til Verfallssjóðs BHM.

Stjórn FÍN styrkti Félag ljósmæðra alla vega um 1,5 millj. kr.

Breytingatillaga var lögð fram af fundarmanni aðalfundar:

Stjórn Kjaradeilusjóðs er heimilt „að fengnu samþykki stjórnar FÍN“ að styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í kjaradeilum. Upplýsa skal félagsmenn um slíka styrki með t.d. tilkynningu á vefsíðu félagsins.

Umræður voru um tillöguna.

Mælendaskrá var lokað.

Afgreiðsla á breytingartillögu:

Breytingatillagan var lögð í atkvæðagreiðslu:

Niðurstaða:

Já: 5

Nei: 32

Breytingatillagan var felld.

Afgreiðsla á tillögu stjórnar:

Upphafleg breytingartillaga stjórnar samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

4. Ákvörðun um félagsgjöld

Formaður félagsins kynnti tillögu stjórnar félagsins um óbreytt félagsgjald, þ.e. 0,7% af heildarlaunum.

Opnað var fyrir mælendaskrá.

Fyrirspurn kom um það hvort þak sé á félagsgjöldum.

Formaður svaraði því til að slíkt þak hafi verið 7.000 kr. en það þak hafi verið afnumið á aðalfundi félagsins fyrir nokkrum aðalfundum síðan.

Mælendaskrá var lokað.

Afgreiðsla:

Tillaga um óbreytt félagsgjöld, 0,7% af heildarlaunum, var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Stjórnarkjör

Jafn margir sækjast eftir embættum og sæti eru fyrir og því sjálfkjörið. Fundarstjóri kynnti stjórn félagsins.

Formaður FÍN: Maríanna H. Helgadóttir, Félag íslenskra náttúrufræðinga

Meðstjórn (9):

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands, Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg, Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg Sverrir Daníel Halldórsson, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech hf., Anna Berg Samúelsdóttir, Fjarðabyggð, Stefán Már Stefánsson, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Krabbameinsfélag Íslands og Unnur Magnúsdóttir, Genis

Afgreiðsla: Stjórn var sjálfkjörin til tveggja ára.

Sitja frá fyrra ári:

Varaformaður FÍN: Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg, Fulltrúi trúnaðarmanna: Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg, Ásdís Benediktsdóttir, Íslenskar orkurannsóknir, Bergrún Arna Óladóttir, Háskóli Íslands, Einar Hjörleifsson, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, Margrét Geirsdóttir, Mátis, Pétur Halldórsson, sjálfstætt starfandi, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Una Bjarnadóttir Landspítali.

6. Kosning í stjórn Kjaradeilusjóðs

Jafn margir sækjast eftir embættum og sæti eru fyrir og því sjálfkjörið. Fundarstjóri kynnti stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN.

Aðalmaður: Ólafur Eggertsson, Skógræktin

Sitja frá fyrra ári: Aðalmenn: Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Kópavogsbær og Stefanía P. Bjarnason, Landspítali.

Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs eftirtaldir aðilar: Aðalmenn: Formaður og gjaldkeri FÍN. Varamenn: Varaformaður og ritari FÍN.

Afgreiðsla: Stjórnarmenn í stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN var sjálfkjörin til 2ja ára.

7. Kosning siðanefndar

Jafn margir sækjast eftir embættum og sæti eru fyrir og því sjálfkjörið. Fundarstjóri kynnti þá sem sitja í Siðanefnd félagsins.

Aðalmenn: Emelía Eiríksdóttir, Coripharma, Anna Berg Samúelsdóttir, Fjarðabyggð og Simon Klüpfel
Varamaður: Guðlaug Katrín Hákonardóttir.

Sitja frá fyrra ári: Aðalmenn: Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Landspítali og Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð.

Varamaður: Jóna Freysdóttir, Landspítali

Afgreiðsla: Stjórnarmenn og varamaður í stjórn Siðanefndar FÍN voru sjálfkjörnir til 2ja ára.

8. Önnur mál

Opnað var fyrir mælendaskrá.

- a) Formaður FÍN fór yfir svarbréf FÍN til SNR (Samninganefnd ríkisins) vegna niðurstöðu atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning FÍN og SNR. Deilan snýst um túlkun laga og hvernig eigi að haga talningu atkvæða. SNR styðst við 32 ára gamlan félagsdóm við talningu atkvæða en lögum þeim sem hann byggir á hefur verið breytt á síðustu 32 árum. SNR telur samninginn samþykktan þar sem fjöldi þeirra sem sögðu nei náðu ekki meirihluta greiddra atkvæða eða yfir 50%. Mikilvægt er að fá úr þessu skorið.
Umræða um samninginn og viðbrögð stjórnar við niðurstöðu kosningar og túlkun laganna. Fyrirspurn kom um hvort gerð yrði könnun á því hjá félagsmönnum sem starfa hjá ríkinu vilja að sé gert betur í samningum. Það hefur þegar verið rætt í stjórn félagsins að gera slíka könnun og líklegt er að svo verði.
- b) Fyrirspurn barst um afstöðu félagsins til krónutöluhækkana og prósentuhækkunar. Fram kom að stjórn FÍN hefur ætíð hafnað krónutöluhækkunum. Það hafa einnig önnur aðildarfélög BHM gert og gerðu þau það við undirbúning kjaraviðræðna haustið 2018. Krónutöluhækkunar hafa þau áhrif að draga saman bil á milli launaflokka og það er mjög óheppilegt þegar umbun er í launaflokkum fyrir menntun og aðra þætti, það verður að vera 3% á milli launaflokka. Það er óheppilegt að bil á milli launaflokka sé misjafnt, þá er ekki verið að meta verðgildi á viðkomandi þáttar eins, það getur skipt máli hvar viðkomandi er staddur í launatöflunni hvert verðgildi launaflokksins er.
- c) Fyrirspurn vegna launamunar háskólamenntaðra og ófaglærðra. Launamunur milli þessara hópa hefur minnkað hratt að undanfögnu. FÍN hefur barist fyrir því við samningaborðið að hækka lágmarkslaun hjá félagsmönnum sem eru með BSc. gráðu.
- d) Spurt um leiðréttingar nema erlendis. BHM hefur verið í framlínunni vegna LÍN og því er þetta ekki á borði stéttarfélaganna en félagið hefur bent á þetta á formannaráðsfundum BHM þegar málefni LÍN hafa verið til umfjöllunar.
- e) Formaður félagsins kynnti örstutt niðurstöðu könnunar sem félagið sendi út sl vetur. Samantekt verður sett í fréttabréf félagsins og dreift til félagsmanna.

Mælendaskrá var lokað.

Fundarstjóri þakkaði fyrir sig og afhenti formanni félagsins fundinn.

Formaður félagsins þakkaði fyrir góða fundarstjórn og ritara fyrir að rita fundargerð.

Fráfarandi stjórnarmönnum þakkað fyrir störf í þágu félagsins og félagsmönnum óskað gleðilegs sumars og sleit fundi.

Fundi slitið kl 17:28.